

Forfatter: Magnússon, Arní

Titel: BREV TIL: Þorleifsson, Björn FRA: Magnússon, Arní (1700-05-10)

Citation: Magnússon, Arní : "BREV TIL: Þorleifsson, Björn FRA: Magnússon, Arní (1700-05-10)", i *Arne Magnussons private brevveksling*, Gyldendalske Boghandel Nordisk, s. 567.
Onlineudgave fra Danmarks Breve: <https://tekster.kb.dk/text/letters-001991699-000-shoot-L0019916990000647.pdf> (tilgået 27. juli 2024)

Anvendt udgave: Arne Magnussons private brevveksling

Ophavsret: Materialet er fri af ophavsret. Du kan kopiere, ændre, distribuere eller fremføre værket, også til kommercielle formål, uden at bede om tilladelse. Husk dog altid at kreditere ophavsmanden.

[Læs Public Domain-erklæringen](#)

ARNE MAGNUSSON TIL BISKOP [BJÖRN ÞORLEIFSSON]. Hafniæ 10. Maii Anno 1700.

Trykt efter egh. orig. i AM. 451, folio. Dat. »Hafniæ i mesta flyter Anno 1700 d. 10. Maii secundum nos, 29. Aprilis secundum vos«. Meddeler kong Christian V.s død og de dermed fg. forandringer i administrationen; advarer biskoppen i anledning af hans spændte forhold til amtmand og lagmand og tilråder, at manglerne ved skolens drift afhjælpes. Anmodning om afskrift af oldbreve, registranter, jordebøger m. v. Om indførelse af den Gregorianske kalender. Brevet ønskes brændt.

Velædle VelEhrverdige Hr. Biskup Æru og elskuverde broder.

Alldri hefi eg skrifad Islandzbref i þvíliku fumi og fliter sem nu, þar aller kaupmenn ad mier óvörum á morgun ferdbuner eru, sem vaner eru mánuði leingur ad bida. Nu hversu þraungt sem mier er um þá kann eg ei þó undanfella þær storu frietter sem hiedan eru ad seigia, iafnvel þo vita þikest ad þær nu af öðrum skipum komnar almennar ordnar sieu. Kong Christian V. er i fyrri i Augusto andadur, situr á hans sæte Kong Friederik Fiorde cui Deus Faveat. Þesse forandring hefur nu fært margar adrar med sier, Geime Raad Moth sem var til forna så fornemste i Cancellienu, og Obersecreterer, er nu þar öllungis frá, Rædur nu fyrer Cancellienu hans höi grevelig Excellence Hr. Conrad Greve af Reventlow, Kongl. Majestets Gross Cancellor og Geheime Raad. Ober Secreterer er i Mothis stad ordinn Ditlef Wibe. Ifer Rentecammerenu eru i Geheime Raad von Plessen stad þeir er heita: Geheime Raad Knut Tott, Geheime Raad Christoffer Gensch von Breitenau og Etats Raad Hans Rosencreutz, hver sidste yfer Noregi og Islande ad seigia hefur. Þad sier so ut dag efter dag sem meir og meir uppdrage sky firir fridenn, og röckve ad regne miklu randagardz sem hinn óheilagi Þorfinnur munnr qvad fyrer Sticklastada bardaga. Vær utreidum vorn flota hier, og Sviar eingu sidur sinn, so þad er trulegt ef þesser tveir flotar mætast i Síónum, ad þeir muni ákantast. Gud gefi oss lucku. Hier hafa nu í ár vered stórar utgipter og skattar á lagder, er s. 568lucka ef eckert soddan ad áre (þvi i ár verdur þad ofseint) Island rammar. Þad er mier ókiært ad Monfrere er i soddan stride vid þá hina verdsligu yfermenn Nordlendinga fiordungs. Amtmadur ætladi hier i vetur ad inngefa långa rollu um Monfrere, hvöriu af godum vin aptrad vard. Þþvi þó margt i þessu þrase sie at litlu eda eingu verdie, þá giefur þad þó alltíafnt fortræd, hvörninn sem fer, Skai eg og satt seigia þá villde eg nock ad um skólans administration nockud öðruvís saman heinge enn eg, bæde af þeim mier sendu Amtmanns og lögmans missivum, sem og documentum er Amtmadr hier i vetur hafde, ráda kann, þvi þó ad þeir er Monfreres motpartar eru, kannskie hardara take á hlutunupi enn þeir i sier sialfer eru, þá synest þó ad erfidt villde falla ad afbata til fullz um pilltenn er kól, og þann er frá Skólanum var vísad. Eg er so hræddur ad soddan Controversiæ olli um sider inquisition um allt Skólans töi, og ad su dispensatio Skolans innkomsta kiæmist i verdsligra hendur, so sem hun er hier. Monfrere villie vera so gódur og senda mier i sumar Copie af þeirri skolans Fundatiu, sem Amtmadur og lögmadr referera sig uppa. Item Information uppá Skolans inr komster. Jeg legg hier innani Copier af nockrum kongsbrefum Skolann áhrærandi, minum bródur til efterrettingar. Ei veit eg hvert Amtmadur og Lögmadr þær allar hafa og óvíst er þad. Interim vil eg óska, og true monfrere þar til arbeide, so vit hann kann salvo honore giöra, ad allt þetta sattsamlega i sumar nidur setiest, so ei hingad komi, þvi, sosem sagt er, af þvílikum málum hefr eingenn neirn profit, og sa sem sig forsvarar og verdur frii, vinnur þo eckert. Eg true Mag. Jon muni góðan þátt hier i eiga, Eg hefi og nockud líted þar um áviked i minu brefi til hans, sem hann referera mun á Alþingi, hvar eg vita þikist ad Minn broder i sumar verda mune, eidanna vegna. Eg villde óska eg so nærri væri, skyllde eg ecki saman tala med minum brodur og Lögmanni, villde eg lida ad folk kalladi mig Jeppe. Nu mun Monfrere þikia ad eg nockud á hann halle, þad er satt, Enn minum besta vin visse eg per Deum ei öðru vís rád ad gefa. Eg vil ecki raisonnera hver riett eda óriett hefur i þessarri Controversiå, hitt veit eg ad Amtmadur og Lögmadr eru goder viner, þad veit eg og ad Amtmadur er hier hvern vetur, og kann heil vel, ef villdi, Monfrere ef ei biksvartann, þá þó sótraudann ad giöra i þeirra þánka er ecki kunna heyra hvad Monfrere vill þar á mot seigia edur til afbatana hafa kann. Gömul regia er þad, Ef fritt talast um einn, sem ei er vid, hann má vera skilldugr eda ei, þar þánger þó nockud vid þá þeim þar til hlustar. s. 569 Sed inqvies? hver kann láta undan eda giefu sig þar madur hefur riett uppá ad standa. Respondeo, þad meiga snart aller menn giöra er lifa i republica, þess optar sem þeir stærru eru, og optast Capita rerum-publicarum Reges. Ongver neidast meir til ad dissimulera og þiöna tidenni enn þeir. Heidemann er nu hier i bynum, hann mundi helldur hallda Lögmans parti enn Monfreres, ef til greina kiæme, enn hann gillder miked i Greifa Reventlous huse. Eg vil vona þad komi ei þar til. Eg skrifadi fyrri, ad Amtmadur villdi eitt og annad um Skolans administration á Hólum angefed hafa, og ad þvi aptrad vard. Nu villdi hann þó ei eckert giöra. Skrifadi þvi eitt skrif i Cancelliet hvar hann Communiter um bada Skolana angaf eitt og annad, þad hardasta grunar mig vered hafi ad þeirra innkomster ei riett administreradest. Skrifed hefi eg ei feinged ad siá, enn talad hefi eg vid eirn sem þar i nockud sied hefur. Eg fieck ecke so snart þetta ad vita fyrr enn eg geek til þess er allt slikt under höndum hefur, sagde hönum mier væri tilkylnt ad soddan skrif inngefede være, og bad hann þad þó láta koma til biskupanna erklæringar adur enn neitt þar i deciderad yrði, þvi lofadi hann mier og trui eg ei ad neitt þar i sidan giört sie. Nu má þó monfrere firir hvern mun eckert láta sig merkia med ad neitt af þessu vite, þvi þad kann ad giöra mier ovinattu og Monfrere skada i því ad menn mig sidan meir varast. testamentera eg og þetta blad Mötunaut Loka hia Utgardaloka. Nu er þó so vid ad búast sem þetta ei muni so nidur detta, hlitur þá Monfrere firir sinn part beþeinktur ad vera uppá svar, Eg legg hier innani tvö hrein pappirs örk, uppá þad, ef monfrere vill eda þarf framveiges nockud i þessu efni nockrum hingad skrifa, og hann þeinker ad eg hans Concepter i lidugre Danskann stiiil færa kunni enn Monfreres amanuenses, þá kann hann ef vill mier soddan tvö hrein örk senda uppáskrifud alleinasta med

hans nafne i sama stad sem eg á þesse, nöfnin sett hefi, kann þar ofan vid ad skrifast hvad sem vera skal, og brukast það af örkunum er materiunnar brevitati vel prolixitati convenerar. Er þess betur sem Monfrere mier fleiri örken af hveriu slags sender, ef eitt eda fleiri i skriftenne fordiarfast kynni. Verda örkin endelega tvennslags ad vera, vegna þess mann ei veit hversu vitlöftigt það verda kann sem skrifast á, og kann mann þessvegna það arked taka er betur hæfer. Það eina kann, sem monfrere sier, brukast til brefs edur Supplicatiu uppa eina og 3 sidur, það annat uppa 2 sidur. Monfrere kann nock, ef hann vill, trua mier hier til, ad eg eingar obligationer hier ofan vid skrifa, enn materiuna s. 570verdur monfrere sialfur ad Suppeditera, og mier þess innhald er skrifast skylld skilmerkilega tilkynna. Þetta er nu þar um. Supplicatian um oduganlegt inventarium ad seliast meige, liggur enn nu hiá mier. Eg pori ei hana ad levera fyrr enn þetta bilia vedur um Skolana er vel afstaded. So er um monfreres forslag um ad minka Holakirkiu, það er billegt og öngum skadlegt, enn það er ei tid nu ad tala um soddan. Ef þeir segdi nu i þessum Skólatrublum og skarpre peninga tid. Ja vel, biskup má minka kirkiuna, enn þar á mót skal hann missa so mikid sem þesse kirkia kostar minna enn hinar fyrri, hversu miked hefðum vid þá unned. Petur Fielderup, monfreres góður vinur, og eg töludum um þetta einu sinni i vetur, og afried eg hönum neitt hier vid ad hræra i þetta sinn. Latum sia fyrst hveriu frammvindur um hitt, hier med er eingenn tid forhlaupen. Eg skrifadi nockud fleira um biskups stólanna innkomster i minu brefi til Mag. Jons, bid minn bróder hiá hönum það forneme. Mier er ómögulegt tímans naumleika vegna það ad tvitaka, það er og communis causa, og gillder mig því eins hverium yckar eg það skrifa. Þetta er nu um Monfreres efni. Nu kiem eg til minna eigenna. Kiærar þacker kann eg mínum bróður fyrer þeirra gömlu brefa sendingu, Ad visu skulu þaug öll aptur koma, enn hvert þaug verda hier eitt ár eda tvö, kann eg ei seigia. Og þott eg dæe, þá er so þar um bued ad þaug þó til retta koma skulu. I annan máta er eg Monfrere storlega obligeradur fyrer það hann min hefr niota láted þann gamla erlega mann Halldor þorbergsson, hann skrifar so um Monfreres og hans göfugu kiærustu giörder mote sier, ad ef það væri i þeirri papisku tíð, kynni einginn uppa tvila, ad Monfrere io þar vid unnid hefði tuttuugu tröpputrid til Salutem. Nu er því ei ad gieгна. Verdur því Monfrere ad láta sier nægia med það iudicium. Ad það er bæde gudrækelega og höfðinglega giört ad hialpa so i naud ærlegum gömlum manne. Sama er ad seigia um Skula Olafsson, hann skrifar mier honorificentissimè um Monfrere og hans gunst moti sonum sinum. Eg kann ei annat giöra mót þessarri mins brodurs godvilld enn lofa, ad það fyrsta hann mier eirn recommenderar til ad lesa i pergaments bokum, þá skal ei blad vera i minni eigu, sem hönum ofgott sie til ad fordiarfa sín augu med. Hier firir utan er eg minum goda br. obligeradur firir sendinguna med Holsoss skipe, sem eg vel medtók, það hann med Eirarbacka skipe skrifar sig destinerad hafa, kom ei framm, Var það vel, því annars hefði eg ordid i allt for storri skulld hia minum brodur, hverium eg þar firir utan alltid skuldbundinn s. 571er. Likpredikanernar eru nu þrikar. Vona eg Monfrere sie fornægður med það allt saman. Kiærar þacker firir þá von um bok Jons Þorlakssonar, Enn sie hun nu komin, þá bid eg þó Monfrere hana i ár ecki lata yfer hafed fara, fyrer voda skulld i þessum vanskelegu tidum. Finnest það registur yfer þær prentudu bækur á Holum tel eg mier það víst, þó mun minn broder gienpart þar af behalda ef forganga kynni. Monfrere skrifar i fyrra ad mier med brefunum sendi Fragmentum af Eigils Registre. Það má hafa misgáningur vered, því það filgde ad visu ecki brefunum. I minu brefi i fyrra er eitt og annat sem eg vel villde med tíð svar uppá fá, A medal annars um þær traditiones Fabulosas um Sæmund Fróða er menn i kringum Odda hafa. Vice Lögmadrinn Pall Jonsson skrifar mier, ad fra sier leverad hafi máldaga Videdalstungu kirkiu dat. 1394. hann var ei medal þeirra brefa er eg ur Hunavatz þingi feck, má ovarlega hiá minum bróður efterorded hafa. Hann villde eg vel fá, og má hönum i sumar voga til mín. Eg hefi leifi eignarmannsins þar til. Fra Sr. Olafi Gudmundssyni fæ eg vel i ár Copie af einu heitdags brefi, hann skrifar sig það sama Monfrere vísad hafa og hafi Monfrere ei þótt það vert ad senda. Það undrar mig, því soddan papiskar dröslur helld eg firir þær rarustu, og bid giarnan hvar vidlikt firir verda kann, mier þá Copier þar af meddeilest, enn ei originalar sendist i þessarri tíð, sem sagt er. Copie af Afhendingar documente Holastadar, samt rigtuga uppskrift (gamla, því hun mun til vera, annars nyia) uppá dómkirkiunnar ornamenta og inventarium, giæte eg vel med tid haft, það er alltid nockud rart i soddan brefum, ef ei annat, þá gömul faheyrd nomina rerum. Nu hefi eg eina stóra bón til Monfrere, sem eg varia pori upp ad kveda. Það er Ad Monfrere vilie i vetur minna vegna vel og riett afcopiera láta það Volumen in 4to. er á eru Audunar, Jons, Peturs og Olafs biskupa Registra, og það ordriett ölldungis so sem þetta Volumen helldur. Eg veit og ad á Holum er Registrum Jons Arasonar dat. 1525. það þæge eg og uppskrifad, og hver önnur Catholskra biskupa Registra er þar finnast kunna. Monfrere hefur til forna lofad mier Fortegnelse uppá þær gamlar bækur er stolnum fylgde, enn það hefi eg ei enn nu feinged. Af Visitatiu bókum efter Reformationem hirde eg mest um Hr. Gudbrandz og endelega Hr. þorlaks. Enn það kann vel ei allt láta sig giöra i senn. Það eina ár kastar og ei því ödru burt. Skule og þetta yfer hangandi strid vara nockud leinge (sem gud láte ei vera) þá verdur hier med góð tid, því so leinge það stendur vil eg eingu gagnlegu s. 572yfer hafed voga. Skrifaralaunen skal eg óbrigdullt betala annadhvert med peningum, efter míns bróders accorde vid þann er skrifa skal, eda med Bókum ef Monfrere það helldur so hafa vill. Eg skrifadi Monfrere firir nockrum árum um Registur uppa þær perments eda pappirs Sögur, Specificè, er Sal. Hanness þorleifss. feinged hefur af Þrsteine þorleifssyni. Monfrere sendi mier og þá Sedel er þorsteinn þorleifsson hönum communicerad hafdi. Nu er sá Sedill mier um hendur fallinn, so eg hann hvergi finn, bid þar firir minn brodur ennu eirn gang uppfretta hia velnefndum sinum verfödur hvada Sögur Hannes hia hönum feck, so framt hann það man, og hveriar af þeim á perment voru eda pappir. Mier skiedur hier uti en stor velgiörd. Magnus Markusson, er nu hiedan ferdast, hefur mig beded hiá minum brodur gott ord firir sig ad tala, Hann er skickanlegur vellærdur og minum brodur velviliadur ef nockurs urkosti ætti, og því pori eg hann minum bróður til hins besta ad recommendera, so sem eirn mann, sem vel meriterar eins góds patrons Favorem. Gregorius hinn XIII. Páfi lifdi i hinu Seculo firir 120 árum hann reformeradi computum anni, sem kunnugt er,

og kypti 10 dögum burt ur því áre 1582 i Novembri, so ad December þess sama árs byriadist þann 21 Novembris computi veteris, og sá fyrste Januarii anni 1583 byriadest þann 21 Decembris anni præcedentis. Síðan hafa sumer af þeim Evangelisku og Protesterendum, medtekid þennan Stylum Gregorianum (allas St. novum) adrer hafa hönum hafnad. þar á medal vær, indtil i Januario næstlidnum, þá vard þesse Stylus Gregorianus hier i rikenu medtekinn, og kypt i burt ur Februario XI. dögum (sa eini dagurinn kom til vegna hlaupársins sem nu er i ár. því so miög var sá gamli styll of lágur, ad hann differeradi um einn dag á hveriu Seculo og vard því nu med þessu sidsta Seculi are, differentia XI. dierum inter Computum Gregorianum et veterem vulgarem) so vær med það slag urdum iafnlangt i árenu framm med þeim er firir laungu höfdu þennan nya computum antekid. Nu med því ad Almanökin voru til forna þrikt, hvar af og exemplaria til Islandz i fyrra komu, so urdu þaug öll casserud og önnur ny i stadinn þrikt, hvar af eitt exemplar til synes hier med sendi. Nu er Forordning utgeingenn, ad þesser XI dagar skulu i Novembri á Islandi burtkastast, so þess landz innbyggjarar i sinum computo reliqvis Evropæis (puta plurimis) lik verde. Hier af skiedur nu i sumar ad allt það Dansker skrifa i Islandi, verdur daterad XI dögum fyrr enn efter Islensku mánadardaga tali enn þó observerast öll anni tempora i sumar af Islenskum s. 573 efter gamallri visu, inntil i Novembri, þar kastast XI dagar burt efter Forordningunni er hier med fylger, halda þá Islensker Joladagenn uppá sama dag sem vær hier, og verda so frammveiges ödrum liker i þeirra Computo. Hier um meir enn nóg. Nu fæ eg ad enda timans vegna. Legg eg hier so alleinasta til hverskyns heilla og farsælldar ósker til míns bróðurs og Ehrugöfugar hustrur og er so leinge eg life.

Mins bróðurs Þienustuskyllidugaste þienare
Arne Magnusson.